

Fundargerð nr. 13

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Fimmtudagur 13. apríl 2023
Fundartími: 13:00-14:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður nefndar í fjarfundi
Heimir Rafn Bjarkason
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi
Hjalti Guðmundsson, fjarverandi

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Ný vatnslögn frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg:

a. Samráð við landeigendur

Sveitarstjóri hefur sent kynningu á verkinu á alla landeigendur og Börkur og Hulda hafa átt samtöl í tölvupóstum og símtölum við alla landeigendur. Börkur og Hulda hitta landeigendur þriggja landa af fimm í dag, 13.04.2023 og skoða aðstæður með landeigendum og fara yfir málin. Samtal verður klárað við aðra landeigendur á næstu dögum.

b. Samráð við aðra aðila

MAST hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og gerir ekki athugasemdir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og hefur staðfest móttöku á tilkynningu um framkvæmdina. Farið er fram á að unnið sé eftir verklagsreglum og almennum umgengnisreglum sem setja skal fram í innra eftirliti og verklagsreglum sem vatnsveitan setur. Skipulagi á innra eftirliti og handbók Vatnsveitu verður skilað til HSL 1. maí 2023. Vegagerðin hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd. Beðið er eftir staðfestingu.

c. Hönnun, kostnaðarmat og gerð útboðsgagna

Börkur hefur tök á að sjá um hönnun, kostnaðarmat og gerð útboðsgagna. Nefndin gerir ekki athugasemd við að samið verði við Börk. Áætluð upphæð verksamnings vegna hönnunar er undir viðmiðunarfjárhæðum í reglugerð 340/2017 með síðari breytingum. Endanlegri ákvörðun um verksamning er vísað til staðfestingar sveitarstjórnar.

d. Framkvæmdaleyfi

Eftir að samráði við landeigendur og aðra aðila er lokið og hönnun og lega lagnar verður komin á blað verður sótt um skriflegt framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem skipulagsnefnd UTU tekur fyrir.

e. Tímarammi

Stefnt á að útboð fari fram um miðjan maí

f. Eftirlit með framkvæmd

Nefndin metur svo að Börkur geti séð um gæðaeftirlit með framkvæmd á framkvæmdatíma og samskipti við verktaka.

2. Drög að erindisbréfi framkvæmda- og veitunefndar

Fyrir liggja drög að erindisbréfi fyrir nefndina. Gerð er tillaga um að nefndin fari með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss og hafi vald til fullnaðarafgreiðslu mála er snúa beint að framkvæmdum í veitumálum sem rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar og er í samræmi

við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins. Afgreiðslu erindisbréf frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál

Rætt um stofn- og heimæðargjöld Vatnsveitu. Sveitarstjóri tekur saman minnisblað um tilhögun innheimtu vegna tengigjalda Vatnsveitu Flóahrepps.

4. Næsti fundur nefndar:

Næsti fundur nefndar verður fimmtudaginn 11. maí kl. 13:00 í Þingborg.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00